

veita aðra þá aðstoð sem henni er heimilt í slíkum tilvikum. Kostnaðarskipting yrði þá sú sama (helmingaskipting á heildarkostnaði). Ef landeigandi ákveður að sjá um framkvæmdir verksins sjálfur, mun Vegagerðin taka verkið út að framkvæmdum loknum, en slík úttekt er forsenda fyrir því að vegurinn verði færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Vegagerðin áskilur sér þó allan rétt til að hafna greiðslu skv. framlögðum reikningum ef fjárhæð þeirra er umfram kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Skal uppgjör þá fara fram á grundvelli framlagðrar kostnaðaráætlunar Vegagerðarinnar nema sýnt verði fram á að með fullnægjandi hætti að umfram kostnaður hafi verið óhjákvæmilegur.

Rétt er að taka fram að umsókn þessi er samþykkt með þeim fyrirvara að endurgreiðsla helmings kostnaðar fari í fyrsta lagi fram þegar fengist hefur fjárveiting til verksins innan Vegagerðarinnar. Dráttur á endurgreiðslu kostnaðar frestar þó ekki færslu vegarins inn á vegaskrá frá og með næstu mánaðarmótum eftir að framkvæmd lýkur.

Að lokinni byggingu vegarins mun Vegagerðin setja hann á vegaskrá, taka við viðhaldi hans og fara með forræði á veki og vegsvæði, skv. 1. mgr. 12. sbr. 5. tll. 3. gr. vegalaga nr. 80/2007. Frá þeim tíma skal vegurinn opinn almennri umferð skv. 1. mgr. 8. gr. laganna. Falli búseta niður og ekki verði um skráð lögheimili að ræða, fer vegurinn af vegaskrá og verður ekki lengur í umsjón Vegagerðarinnar.

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega. Í því sambandi skal bent á að hafi umsækjandi þegar látið byggja veg, eða hafið vegaframkvæmdir án leyfis og samráðs við Vegagerðina er Vegagerðinni heimilt að hafna umsókn þrátt fyrir að skilyrði héraðsvegar kunni að vera uppfyllt.

Niðurstaða: *Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Húsatóftir 2 hefur verið samþykkt, að fyrrgreindum skilyrðum uppfylltum.*

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæranleg til innanríksráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagssetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,

Svanur Bjarnason  
Svanur G Bjarnason  
Svæðisstjóri Suðursvæðis Vg.